

Náttúruperlur í Innri - Njarðvík

Bæjarstjóri afhenti nemendum Akurskóla víkina Kópu til varðveislu og umsjónar í morgun ásamt fríðu föruneysi.

Markmiðið með því er að nemendur haldi víkinni hreinni svo nýta megi hana í námi og leik. Þessi umsjón er þáttur í sjálfbærniástarfi nemendanna til samfélagsins.

Eftir afhendinguna tóku nemendur, starfsmenn og aðrir góðir gestir til hendinni og tíndu upp ruslið sem nóg er af í víkinni.



Mynd: Árni Mathiesen fjármálaráðherra, Árni Sigfússon bæjarstjóri ásamt nemendum Akurskóla í Kópu.



við gróðursetningu og gefa þeim plöntur til gróðursetningar. Hér er kjörið tækifæri á að nýta náttúruna við kennslu í náttúruvísindum.

Umsjónarkennarar sóttu námskeið haustið 2007 þar sem þeir lærðu vinnubrögð við rannsókarvinnu á vettvangi og hvernig hægt er að beita mismunandi aðferðum við að kanna sama hlutinn/atburðinn. Megin viðfangsefni námskeiðsins byggðist á þrepamarkmiðum 1. til 7. bekkjar í Aðalnámskrá grunnskóla, náttúrufræði.

Akurskóli stefnir að því að nýta náttúruperlur í Innri-Njarðvík til vettvangsferða og kennslu í náttúruvísindum og umhverfismennt. Má þar nefna fjöruna, mýrina, móann, tjarnirnar og fitjarnar. Einnig hefur skólinn fengið svæði í nánasta umhverfi skólans til gróðursetningar í samvinnu við Umhverfis- og skipulagssvið og samtökin Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs Arnarsonar sem aðstoða nemendur



Þar má nefna hagnýtingu þekkingar, vísindalega þekkingu, viðhorf til umhverfis, náttúru og vísinda, einkenni og fjölbreytni lífvera, tengsl lífvera innbyrðis og við umhverfi sitt, byggingu og starfsemi lífvera og atferli þeirra og loft, láð og lögur. Enginn vafi er á að námskeið af þessum toga eykur vísindalega þekkingu kennaranna sem sjá um kennslu í náttúruvísindum á þessum skólastigum. Skólanum hefur hlotnast styrkur frá Endurmenntunarsjóði grunnskóla til verkefnisins.



Myndir: Björn Guðbrandur Jónsson framkvæmdastjóri GFF aðstoðar nemendur Akurskóla við gróðursetningu

